Umsagnir bárust frá Samtökum Atvinnulífsins (SA), Samtökum fyrirtækja í Sjávarútvegi (SFS), Landsambandi Smábátaeiginda (LS) og Hafnarsambandi Íslands.

SA, SFS og LS voru öll á móti því að tekið væri upp rafrænt eftirlit með fiskveiðum. Töldu of íþyngjandi að gera aðilum að hafa myndavélar um borð, sérstaklega í smærri bátum. Einnig komu fram efasemdir um að rafrænt eftirlit með myndavélum samræmdust lögum um persónuvernd. Hafnarsambandinu fannst of langt gengið að skylda hafnir til að hafa rafrænt eftirlit með löndun og töldu heppilegra að unnið væri eftir samkomulagi Fiskistofu og Hafnarsambandsins um eftirlit við löndun.

Frumvarpið var aldrei lagt fyrir ríkisstjórn.